

Það er málefnið en ekki félagið, tilgangurinn en ekki meðalið, sem menn ætti að hafa fyrir augum fyrst og fremst. Áhuginn fyrir málefninu ætti að vera undirrót starfseminnar, en starfsemin verður að fylgja á eftir, og hún verður að vera í sameiningu við aðra, sem einnig bera áhuga fyrir málefninu. Það er vor persónulegur hagur, og það er hagur hvers þess málefnis, sem vér unnum, að vér gerum vorn skerf af starfinu, sem það útheimtir, með heilum huga.

G. Á.



REYNSLA OG SKÁLDSKAPUR.

Skáldin hafa efni á
ótal fleiru en nutu—
Stundum málal þeirra þrá
það sem aldrei hlutu.

’08

Stephan G. Stephansson.

KARLMENNIRNIR

Séum við ei, sætur ljósar!
Sérstaklegir Kvenna-Bósar,
Erum við flestir, fljóðið bjarta!
Fjölkvænis-menn enn í hjarta.
Það er að segja: af heimsku hreinni
Höfum dást að fleiri en einni—
Vildir þú, ef vel er kannað,
Viljug breyta mér í annað?

Stephan G. Stephansson.